

Talmeinafræðingur

I. TILGANGUR/MARKMIÐ STARFSINS

Meginmarkmið talmeinaráðgjafar er að efla skóla og skólaþjónustu sem faglegar stofnanir sem geti nýtt viðeigandi aðferðir til að efla málþroska og málvitund allra nemenda og veita skólum, foreldrum og stoðþjónustum eftir atvikum ráðgjöf til að koma til móts við nemendur með tal- og málþroskaraskanir. Tilgangurinn er að efla hæfni viðkomandi til að nýta úrræði til gagns fyrir nemendur með sérþarfir og auka getu lærdómssamfélagsins til snemmtækrar íhlutunar. Markmið starfsins er að:

1. Auka þekkingu skóla á aldurstengdum málþroska og framburði
2. Gera skóla sjálfbæra um viðbrögð við algengum frávikum í máli eða tali barna
3. Efla virkt samstarf skóla við foreldra um úrræði fyrir börn með frávik

II. HELSTU VERKEFNI

1. Greina mál- og talerfiðleika barna með frávik og veita skólum og foreldrum ráðgjöf
2. Leggja til meðferðarúrræði, ef þörf er á
3. Fræða og veita starfstengda leiðsögn um viðfangsefnið
4. Stuðla að samráði skóla við skólaþjónustu

III. ÖNNUR VERKEFNI

1. Stuðla að samræðum skóla í milli um viðfangsefnið
2. Styðja þverfaglegt samstarf við önnur stoðkerfi
3. Verkefni sem forstöðumaður úthlutar í samráði við starfsfólk Skþ.